

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## III. HLUTI

Helstu tegundir verðbréfa - Hlutabréf

Prófnúmer próftaka: .....

Námsgrein til prófs:	Helstu tegundir verðbréfa - Hlutabréf (40%)	
	ATH. Prófið er þrískipt: Helstu tegundir verðbréfa skuldabréf (40%), , Helstu tegundir verðbréfa afleiður og gjaldeyrir (20%)	
Prófdagur:	10. maí 2014	Kl.: 9:00 til 13:00
Próftími alls:	4 klst.	Prófblöð vegna þessa hluta prófsins, þmt. forsiða): 5
Leyfileg hjálpargögn:	Öll gögn leyfileg, þ.m.t. reiknivélar sem hafa textaminni og/eða er hægt að forrita. Fartölvunotkun óheimil.	Fylgiblöð: Engin.

**Leiðbeiningar:** Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL..

<b>I. Skilgreiningarspurningar 8%</b>
---------------------------------------

Þessi hluti prófsins hefur 8% vægi af heildarprófi í helstu tegundum verðbréfa. Setjið fram skilgreiningar á eftirfarandi hugtökum. Spurningarnar hafa sama vægi (1,0% af heildarprófi).  
(Tæpar 2:30 mínútur á spurningu).

1. Hagrænn virðisauki (e. residual income valuation)
2. Rekstrarvirði félags (e. enterprise value)
3. Verðmatsaðferðin summa hluta (e. sum of the parts)
4. Gordon vaxtarmódel (e. gordon growth model)
5. Næmnigreining (e. sensitivity analysis)
6. Kostnaður eiginfjár hjá óskráðum fyrirtækjum (e. summation/build up)
7. CAPM líkanið
8. Frjálst sjóðstreymi til eigin fjár (e. free cash flow to equity)

## II. Ritgerðarspurningar 16%

Þessi hluti prófsins hefur 16% vægi af heildarprófi í helstu tegundum verðbréfa.



### **VELDU TVÆR AF ÞREMUR SPURNINGUM OG SVARAÐU, ÞÆR HAFU BÁÐAR JAFNT VÆGI. (8%)**

(tæpar 20 mínútur á spurningu).

9. Fjallið stuttlega um þrjú vandamál sem geta komið upp í útreikningum á vegnum fjármagnskostnaði (e. WACC)

10. Fjallið um verðmat fyrirtækja samkvæmt aðferð frjáls sjóðstreymis (e. FCF) þ.e. hvernig fer slíkt verðmat fram. Lýsið helstu kostum og göllum aðferðarinnar.

11. Meðfylgjandi er ein glæra úr fjárfestakynningu vegna skráningar N1 á hlutabréfamarkað í nóv/des 2013. Á glærunni má sjá samanburð á verðlagningu N1 við önnur skráð félög á íslenska markaðnum. Einnig eru meðfylgjandi upplýsingar um markaðsvirði þessarra félaga í lok dags 25. apríl 2014. Fjallið stuttlega um þrjú vandamál í þessum kennitölusamanburði.



<b>III. Dæmi 16%</b>
----------------------

Þessi hluti prófsins hefur 16% vægi af heildarprófi í helstu tegundum verðbréfa. Dæmi 12 vegur 6% en dæmi 13 vegur 10%.

(Samtals rúmar 38 mínútur fyrir bæði dæmin).

**12.**

Í töflunni hér að neðan er að finna nokkrar lykiltölur í árslok 2013 hjá fyrirtæki í kauphöll.

	<u>2013</u>
Sala í mkr (1)	50.000
EBITDA	8.000
Hagnaður	-1.000
Markaðsvirði hlutabréfa	45.000
Markaðsvirði skulda	15.000
Óefnislegar eignir	10.000
Laust fé	2.000
Eigið fé	20.000
Arðsemi eiginfjár (5 ára meðaltal)	15,0%
<i>1) á árinu 2012 er söluhagnaður 200</i>	

- a) Reiknið V/H hlutfall m.v. uppgefnar upplýsingar
- b) Reiknið EV/EBITDA hlutfall
- c) Reiknið V/I hlutfall

### 13. Meðfylgjandi er rekstrarreikningur fyrir árið 2013 hjá félaginu Verðmæti hf.

REKSTRARREIKNINGUR	í mkr	2013	2014	2015	2016
Rekstrartekjur		1.990			
Rekstrarkostnaður		1.393			
<b>EBITDA</b>		<b>597</b>			
Afskriftir		25			
<b>EBIT</b>		<b>572</b>			

Þú hefur verið fenginn til að verðmeta félagið Verðmæti hf fyrir frumskráningu í kauphöll. Félagið velti 1.990 milljónum á árinu 2013 og fyrir árin 2014 - 2016 hefur félagið birt áætlun um 20% veltuaukningu, en 4% veltuaukningu á árinu 2015. Langtímavöxtur sjóðstreymis félagsins er talinn verða 1%. Þá liggur fyrir að rekstrarkostnaður án afskrifta er 70% af rekstrartekjum á spátímanum og afskriftir haldast óbreyttar í 25 öll árin.

Hreinir veltufjármunir (e. working capital) aukast á hverju ári um 20 og viðhaldsfjárfestingar í fastafjármunum (e. CAPEX) nema 20 á ári.

Veginn meðalfjármagnskostnaður (e. WACC) félagsins er 14% og fyrirtækjaskattar eru 20%. Vaxtaberandi skuldir félagsins eru 2.000.

Stilltu upp sjóðstreymislíkani (e. FCF model) miðað við framangreindar forsendur og finndu heildarverðmæti hlutabréfa félagsins.